



## Stöðuskýrsla – Skemmd á vatnslögn til Vestmannaeyja

Dagsetning:	5. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Staðan 5. desember 2023

Þann 17. nóvember síðastliðinn rakst akkeri nóta- og togveiðiskipsins Hugins VE í vatnslögnina til Vestmannaeyja með þeim afleiðingum að hún skemmdist verulega. Við frekari skoðun á lögninni 24-26. nóvember komu stórfelldar skemmdir í ljós sem varð til þess að hættustigi Almannavarna var lýst yfir að morgni 28. nóvember.

Lögnin hefur færst mikið úr upprunalegri stöðu og á henni er 90° horn á einum stað. Hún er á lofti á löngum köflum, hlífðarkápa af á löngum köflum og stálgrindarlög sums staðar stórskemmd. Auk þess er lögnin lek á einhverjum stöðum.

Þrátt fyrir þetta skilar lögnin enna vatni yfir til Eyja. **Engin skerðing er á afhendingu vatns eins og er** en vegna eðlis og alvarleika skemmda er veruleg hættu á að lögnin rofni og afhending vatns stöðvist. Það er mat þeirra sem reka lögnina að á einhverjum tímapunkti, þegar leki nær einhverju ákveðnu magni miðað við þrýsting, hætti lögnin að flytja vatn yfir í lagnakerfi Vestmannaeyja.

#### Uppfært:

Veður getur haft veruleg áhrif á lögnina enda hefur hún færst mikið úr stað. Þá hafa festingar og aðrar öryggisráðstafanir eru farnar. Á undanförunum dögum hefur farið fram vinna við að festa og tryggja lögninga þar sem að hún liggur eftir tilfærslu.

Þá hefur frið fram töluverð vinna við að kortleggja og undirbúa viðbrögð sem fara þarf í ef komi til rofs á lögninni eins og til dæmis með hvaða hætti hægt sé að flytja nægilegt magn af vatni til eyja til að uppfylla þarfir ásamt öðrum mögulegum leiðum.

Næstu daga er spáð frekar leiðinlegu veðri í Vestmanneyjum með 20-22 m/s í austan átt með allt að 7 metra ölduhæð.

Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra í samráði við Lögreglustjóran í Vestmanneyjum hafa tekið ákvörðun um að senda annan stuðningshóp til Eyja til þess að aðstoða við skipulagningu og áætlanagerð á meðan að veðrið gengur yfir.



**Eins og staðan er í dag flytur vatnslögnin nægilegt magn vatns til þess að halda uppi eðlilegri notkun á kerfinu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.**

### **Næstu skref Ferðamálastofu**

Til stendur að Ferðamálastofa muni senda út stöðuskýrslur, á Aðgerðastjórn og Framkvæmdahóp, funda á meðan að við erum á Hættustigi.

Ferðamálastofa hefur kannað bókunarstöðu hjá helstu gististöðum í Vestmannaeyjum.

Líklegt er að Ferðamálastofa boði til fundar með Aðgerðastjórn ferðamála þar sem að farið verður yfir stöðuna á bæði Grindavík og Vestmannaeyjum.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.